

## Diskósúpa Slow food

Hugrún Geirsdóttir

Fólk var mjög tilbúið til að taka þátt í þessu samtali og finnst umhugsunarvert hversu miklum mat er fleygt á degi hverjum.

Þeir sem tóku sig til og skáru niður grænmeti í súpuna deildu reynslu sinni um hvernig þeir spornuðu gegn matarsóun, m.a. hvernig þeir gátu sótt bein til ákveðinna kjötsala og búið til úr þeim soð eða gefið hundum, hvernig þeir ræktuðu sitt eigið grænmeti o.fl.

Þá skapaðist umræða um hvernig Íslendingar hafa gleymt „nýtninni“ því að spara, nýta og fara vel með.

Ein sagan var um asískt fólk sem hirðir afskorninga af grænmeti hjá grænmetisbændum sem það nýtti svo í dýrindis rétti. Af þessu fólki mætti læra.

Almennt var fólk sammála um að hver og einn gæti hugað að því hvernig mætti nýta betur en einnig mætti breyta lögum og reglum.